

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Bóka- og minjasafn Nönnu Guðmundsdóttur, nr. 460/1989.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn stofnunarinnar skipa 3 menn til 4 ára í senn. Tveir til þrír skulu skipaðir úr hópi afkomenda Gunnlaugs Guðmundssonar sem var bróðir Nönnu Guðmundsdóttur. Stjórnarmönnum sem eru þannig skipaðir skal heimilt að velja einn aðila í stjórn sem ekki er úr hópi afkomenda til setu í stjórn enda hafi hann sérstaka menntun og þekkingu sem nýtist við rekstur safnsins. Hver stjórnarmaður tilnefnir varamann fyrir sig.

Stjórnin komi saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðun innan stjórnar.

Fasteign skal ávaxta með leigutekjum en lausafé á hagstæðum kjörum í banka.

Eignir stofnunarinnar skulu vera í vörslu og á ábyrgð stjórnar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Bóka- og minjasafn Nönnu Guðmundsdóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 21. janúar 2021,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.